

Útskrift

úr gjörðabók amtsráðs Austuramtsins.

Ár 1906, mánudaginn 27. ágúst, var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins, sýslumanni og bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni á Seyðisfirði, aðalamtsráðsmanni í Norðurþingeyarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni, aðalamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu síra Einari Þórðarsyni á Bakka, aðalamtsráðsmanni Suðurmúlasýslu síra Jóni Guðmundssyni á Nesi og aðalamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Jóni prófasti Jónssyni á Stafafelli.

Á fundinum voru þessi málefni tekin til meðferðar:

1. Forseti skýrði frá því, að kosinn hefði verið aðalamtsráðsmaður í Austurskaptafellssýslu í stað Þorgríms læknis Þórðarsonar, sem fluttur er til Keflavíkur, og fyrir þann tíma, er hann átti eptir að sitja í amtsráðinu, Jón prófastur Jónsson á Stafafelli. — Amtsráðið samþykki þessa kosningu.
2. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1905 með fylgiskjölum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar.

Amtsráðsmennirnir skiptu þessum reikningum með sjer til endurskoðunar.

Reikningur Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar 1905, sem amtsráðið á að hafa tilsjón með samkvæmt tilskipun 23. ágúst 1904, hafði eigi borizt amtsráðinu og var forseta því falið að ganga eptir honum.

3. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1905 úr öllum sýslum amtsins, alla með tilheyrandi fylgiskjölum.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.
4. Framlögð voru lesin upp og endurrit úr gjörðabókum allra sýslanefnda í amtinu af fundargjörðum þeirra:
 - a. Norðurþingeyjarsýslu, aðalfundargjörðir frá 28.—29. apríl þ. á. og aukafundargjörðir frá 2. júlí þ. á.
 - b. Norðurmúlasýslu, aðalfundargjörðir frá 4.—6. apríl þ. á. og aukafundargjörðir frá 20. júní þ. á.
 - c. Suðurmúlasýslu, aðalfundargjörðir frá 3.—6. marz þ. á. og aukafundargjörðir frá 20. júní þ. á.
 - d. Austurskaptafellssýslu aðalfundargjörðir frá 17.—18. maí þ. á.
 - e. Fundargjörðir sameinaðra sýslufunda Múlasýslanna 7. apríl og 20. júní þ. á.

Amtsráðið fann ekkert verulegt við fundargjörðir þessar að athuga.

5. Framlagðar voru skýrslur um hag alþýðustyrktarsjóðanna í öllum sýslum amtsins árið 1905 og fann amtsráðið ekkert við þær að athuga. **97**
6. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Eiðum 1905—1906 og jafnaðarreikning skólabúsins til 5. júní 1906 ásamt athugasemdum endurskoðanda og tóku amtsráðsmennirnir úr Múlasýslunum að sjer að endurskoða þá.
7. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld Bókasafns Austuramtsins og tóku amtsráðsmennirnir úr Austurskaptafellssýslu og Norðurþingeyjarsýslu að sjer að endurskoða hann.
8. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, að vegurinn frá Berunesi í Fáskrúðsfjarðarhreppi að Búðareyri í Reyðarfirði verði tekinn í tölu sýsluvega sem framhald sýsluvegarins í Fáskrúðsfirði.
9. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu, að sýsluvegurinn í Hjaltastaðarhreppi liggi um Krosshöfða.
10. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu, að sýsluvegurinn í Fellahreppi liggi framvegis frá Ormastaðastekk að brúnni á Ormarstaðaá inn fyrir ofan Ásklif og fram á melana fyrir ofan Hof.
11. Forseti lagði fram brjef, dagsett 27. þ. m., frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði, þar sem hann fyrir hönd bæjarstjórnar kaupstaðarins sækir um 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til sjúkrahúss bæjarins fyrir næsta ár og fylgði því eptirrit af reikningi sjúkrahússins árið sem leið. — Amtsráðið veitti hinn umbeðna styrk.
12. Forseti lagði fram beiðni dags. 9. þ. m. frá hjeradslækninum í Berufjarðarhjeraði um 500 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til fyrirhugaðs sjúkrakýlis á Djúpavogi. — Amtsráðið veitti í þessu skyni 400 kr., er útborgist ekki fyr en færðar eru sönnur, er forseti amtsráðsins tekur gildar, fyrir því að sjúkraskýli þetta komist á fót.
13. Forseti lagði fram beiðni, dags. 26 þ. m., frá amtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu um svo riflegan styrk, er amtsráðið sæi sjer fært, úr jafnaðarsjóði til fyrirhugaðs sjúkraskýlis í Hornafjarðarlæknishjeraði. — Amtsráðið veitti í þessu skyni 400 kr., er útborgist ekki fyr en færðar eru sönnur, er forseti amtsráðsins tekur gildar, fyrir því að sjúkraskýli þetta komist á fót.
14. Forseti lagði fram beiðni, dags. 26. þ. m., frá hjeradslækninum á Fljótaldshjeraði um 600 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til sjúkraskýlisins á Brekku — Amtsráðið veitti sjúkraskýli þessu 300 kr. styrk.
15. Forseti lagði fram beiðni, dags. 18. maí þ. á. frá sjúkrahússnefndinni á Eski-firði um 500 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til sjúkrahúss þar, sem farið er að reisa. — Amtsráðið veitti sjúkrahúsi þessu 300 kr. styrk.

- 97** 16. Forseti lagði fram beiðni, dags. 24. febr. þ. á., frá stjórn búnaðarskólans á Eiðum um 500 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til skólans næsta ár. — Amtsráðið veitti hinn umbeðna styrk.
17. Forseti lagði fram beiðni, dags. 4. apríl þ. á., frá stjórn búnaðarsambands Austurlands um 500 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til sambandsins. — Amtsráðið veitti hinn umbeðna styrk.
18. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, sem nefndir eru í öðrum tölulið a—d, og voru þeir samþykktir athugasemdalaust.
19. Forseti lagði fram svar sýslunefndaroddvita Suðurmúlasýslu, dags. 17. nóvember f. á., upp á athugasemdir amtsráðsins við sýslusjóðsreikning hans 1904. — Amtsráðið ákvað, að við svo búið mætti standa með útgjöld þau, sem færð eru sýslusjóði til útgjalda á gjaldlið 2 á nefndum reikningi.
20. Amtsráðsmennirnir úr Norðurmúlasýslu og Norðurþingeyjarsýslu lögðu fram sýslusjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað.
- Við sýslusjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að fylgiskjal 18 (kvittun fyrir hundalækningakostnaði í Sauðaneshreppi, að upphæð kr. 58.10) vantar og ber oddvita sýslunefndarinnar að útvega hana og senda.
 - Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti ekkert athugavert og var hann samþykktur athugasemdalaust.
 - Við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
 - Amtsráðið athugaði, að flutningur á skjölum úr Suðurmúlasýslu á sameinadan sýslufund á Eiðum 20. sept. 1905 er reiknaður á 15 kr., sem eptir atvikum virðist allt of hátt, þótt amtsráðið finni eigi næga ástæðu til þess að færa upphæðina niður, úr því sýslunefndin hefir samþykkt að hana mætti greiða úr sýslusjóði.
 - Þá athugaði amtsráðið, að á sjálfum reikningnum eru of fáir útgjaldaliðir og of mörgu blandað saman og talið með »ýmislegum útgjöldum«, enda er sá liður hæsti útgjaldaliðurinn eða kr. 2067.31. Þar sem eptirrit af fylgiskjöllum sýslusjóðsreikninganna er eigi sent í hreppana eins og af reikningunum sjálfum, verða þeir að vera sem greinilegast sundurliðaður.
 - Við sýslusjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert og var hann samþykktur athugasemdalaust.
21. Amtsráðsmennirnir úr Austurskaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað.
- Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
 - Fylgiskjölín bera það eigi með sjer, hvort vegagjörðir þær, er veitt hefir verið fje til og greitt úr sýsluvegasjóði, hafi komizt í framkvæmd á árinu nema í Presthólahreppi.

2. Fylgiskjölín nr. 5 og 6 vantar, ber reikningshaldara að útvega þau og senda. **97**
- b. Við sýsluvegasjóðsreikninga Norðurmúlasýslu, Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugasemdir og voru þeir samþykktir athugasemdalaust.
22. Amtsbókasafnið:
- a. Amtsráðsmenn Austurskaptafellssýslu og Norðurþingeyjarsýslu lögðu fram bókasafnsreikninginn, er þeir höfðu endurskoðað. Var hann samþykktur athugasemdalaust.
- b. Amtsráðið veitti bókasafninu 400 kr. styrk úr jafnaðarsjóði eins og að undanfögnu.
- c. Lögð fram beiðni frá fyrverandi bókaverði Árna Jóhannssyni um 50 kr. uppbót á launum fyrir bókavardarstarf hans. Amtsráðið veitti hina umbeðnu upphæð úr bókasafnsjóði í viðurkenningarskyni fyrir það, sem umsækjandinn hefur unnið í þarfir safnsins fram yfir það, sem af honum hefði orðið heintað.
- d. Amtsráðið samþykkti, að gjöra bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar tilboð um að taka að sjer bókasafn amtsins og eigur þess til eignar og umráða með þeim skilyrðum, er nú skal greina:
1. Að safnið sje afhent í því ástandi, sem það er í á þeim tíma, er afhendingin fer fram
 2. Að jafngreiður aðgangur verði fyrir amtsbúa til bókalána og hingað til.
 3. Að sýslunefndum sje heimilt að fjölga undirbókavörðum eptir þörfum.
 4. Að safnið sje ætíð haft nægilega hátt váttryggt fyrir eldsvoða.
 5. Að bæjarstjórnin takist á hendur þá skyldu, að auka safnið eptir föngum.
23. Með því að landssjóður 1903 hefur tekið að sjer útrýmingu fjárkláðans, virtist amtsráðinu öll sanngirni mæla með því að eptirstöðvar af lánum þeim, er amtið tók í þessu skyni 24. september 1898 og 31. ágúst 1900, verði gefnar eptir á næsta þingi, og sem því taldist til að mundu verða þá 2200 krónur, en upphaflega voru 10,000 kr. Amtsráðið telur þær ráðstafanir, sem gjörðar voru með þessu fje, hafa komið að góðum notum, þær hafi varnað útbreiðslu kláðans og gjört algerða útrýmingu hans hjer miklu auðveldari en ella, auk þess sem tilraunir þær, er þá voru gjörðar hjer, hafa að ýmsu leyti haft mikla almenna þýðingu sem undirstaða undir baráttunni gegn fjárkláðanum yfir höfuð og hafa átt mikinn þátt í að leiða hana á þann góða rekspöl, sem orðið er. Amtsráðið leyfir sjer því að skora á stjórnarráðið að taka upp í næsta frumvarp til fjárlaga eptirgjöf á þessum lánum.
24. Amtsráðsmenn Múlasýslanna lögðu fram reikning Eidskólans, er þeir höfðu endurskoðað, og voru athugasemdir endurskoðanda úrskurðaðar á þá leið, að þær skyldu teknar til greina að svo miklu leyti sem það var eigi þegar gjört og þeim fullnægt.

97

- Ennfremur athugaði amtsráðið, að 25 kr. styrkur úr sýslusjóði Norður-
múlasýslu til sundkennslu á skólanum hefir eigi verið talinn með tekjum
hans og ber að leiðrjetta það á næsta reikningi.
25. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir búnaðarskólann á Eiðum,
samið og samþykkt af sýslunefndum Múlasýslanna á sameinuðum sýslufundi
7. apríl þ. á. Jafnvel þótt amtsráðið teldi rjettara, að stofnunin á Eiðum
hefði eigi borið búnaðarskólanafn og ýms ákvæði reglugjörðarinnar beint
meira að verklegri búnaðarkennslu, staðfesti það reglugjörðina, þar sem
núgildandi reglugjörð getur ekki átt lengur við, en telur æskilegt, að henni
verði breytt í framangreinda átt.
 26. Amtsráðið leyfir sjer að mæla sem bezt með því, að stjórnarráðið veiti
Eiðaskólanum fyrir yfirstandandi ár og framvegis $\frac{4}{5}$ af ársvöxtum jarðelda-
sjóðsins.
 27. Kvennaskólamála:
 - a. Forseti lagði fram beiðni, dags. 12. febrúar þ. á., frá stjórnarnefnd
kvennaskóla Eyfirðinga um 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til skólans
næsta ár. — Amtsráðið veitti skóla þessum 100 kr. eins og að undanfögnu,
svo framarlega sem honum yrði haldið áfram.
 - b. Forseti lagði fram skýrslur um próf á kvennaskólanum á Blönduósi
síðastliðið vor og voru þær athugaðar af amtsráðinu. Sömuleiðis var
lögð fram beiðni um 100 kr. styrk til skólans úr jafnaðarsjóði næsta ár. —
Amtsráðið veitti hinn umbeðna styrk.
 28. Amtsráðið tók það til umræðu, hversu ráðstafa skyldi búnaðarsjóði og
búnaðarskólasjóði Austuramtsins og ákvað, að leita álits sýslunefndanna í
Norðurþingeyjarsýslu og Austurskaptafellssýslu um það, hvernig búnaðar-
skólasjóðnum eigi að ráðstafa.
 29. Amtsráðið veitti sýslunefnd Norðurmúlasýsla heimild til þess að hækka sýslu-
vegagjaldið upp í 2 kr. fyrir árið 1907.
 30. Var samin og samþykkt svo hljóðandi:

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1907:

Tekjur:

Eptirstöðvar frá f. á. og jafnaðarsjóðsgjald 1907 kr. 5828 00

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1000 00
2. Til mentamála:	
a. Til bókasafns Austuramtsins.	kr. 400 00
b. Til kvennaskólans á Blönduósi.	— 100 00
	<hr/>
flyt.	kr. 500 00 kr. 1000 00

	flutt	kr. 500 00	kr. 1000 00	97
c.	Til kvennaskólans á Akureyri	— 100 00		
d.	Til Eiðaskólans	— 500 00		
			— 1100 00	
3.	Til heilbrigðismála:			
a.	Til sjúkrahússins á Seyðisfirði	kr. 300 00		
b.	Til sjúkraskýlis á Djúpavogi	— 400 00		
c.	Til sjúkraskýlis í Hornafirði	— 400 00		
d.	Til sjúkraskýlis á Brekku	— 300 00		
e.	Til sjúkraskýlis á Eskifirði	— 300 00		
			— 1700 00	
4.	Afborgarnir og vextir af lánum jafnaðarsjóðsins úr viðlaga- sjóði		— 1128 00	
5.	Tillag til Búnaðarfjelags Íslands og ferðakostnaður fulltrúa á búnaðarþing		— 400 00	
6.	Tillag til Búnaðarsambands Austurlands		— 500 00	
	Samtals.	kr. 5828 00		

Amtsráðið felur forseta sínum að ákveða jafnaðarsjóðsgjaldið úr sýslunum 1907, þegar hann er búinn að sjá tekjuafganginn á yfirstandandi ársreikingi, og má það eigi vera hærra en svo, að það, að viðbættum tekjuafganginum, hrökki fyrir útgjöldunum á áætlun þessari.

31. Framlögð var kæra frá hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps, dags. 5. sept. f. á., yfir því að sýslunefnd Suðurmúlasýslu hafi lækkað aukaútsvar 1904 á Íslandsk Hvalindustri Aktieselskab á Fögrueyri, — þótt fjelagið hefði eigi borið útsvar sitt sjerstaklega saman við útsvör annara hreppsþúa í útsvarskæru sinni, og fylgdi málinu umsögn sýslunefndarinnar um það.

Amtsráðið fær eigi sjed að sýslunefndin hafi farið út fyrir valdsvið sitt í þessu máli og er úrskurður hennar um það því endilegur, sbr. 1. gr. laga 9. janúar 1880 um breyting á sveitarstjórnartilskipuninni. Visast því málinu frá.

32. Með því að timi sá er á enda, er þeir sjera Björn Þorláksson á Dvergasteini og Jónas bóndi Eiríksson á Breiðavaði eru kosnir til sem aðal- og varafulltrúi á Búnaðarþinginu fyrir hönd amtsins, fór ný kosning fram og hlutu kosningu Jóhannes sýslumaður Jóhannesson á Seyðisfirði sem aðalfulltrúi og Árni prófastur Jónsson á Skútustöðum sem varafulltrúi.

Amtsráðið athugaði, að gleymzt hefði að bóka á amtsráðsfundi 1904, að sjera Einar Þórðarson á Bakka hefði verið endurkosinn aðalfulltrúi og Einar prófastur Jónsson á Kirkjubæ varafulltrúi á Búnaðarþingi til 4 ára.

33. Amtsráðið samþykkti að greiða mætti úr jafnaðarsjóði 200 kr. upp í kostnað við vígslu Lagarfljótsbrúarinnar.

- 97 34. Amtsráðið ákvað, að næsta amtsráðsfundur yrði eigi haldinn fyrri en eptir þing 1907.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundarbókin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið fimmtudaginn 30. ágúst.

Jóh. Jóhannesson.

Árni Krisjánsson.

Jón Guðmundsson.

Einar Þórðarson.

Jón Jónsson.

Rjetta útskrift staðfestir

Jóh. Jóhannesson.

98

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1905.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1904:			
a. Í landsbankanum	kr.	2129 61	
b. Óendurgoldnar fyrirframborgarnir	—	18 75	
			kr. 2148 36
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—		6000 00
3. Vextir af bankainnlögum til $31/12$ '05.	—		58 94
4. Endurgoldið uppi fyrirframborgun	—		3 05
	Samtals	kr.	8210 35

Gjöld:

1. Skuld við reikningshaldara frá f. á.	kr.	19 29
2. Kostnaður við amtsráðið	—	1016 00
3. 11. afborgun uppi og vextir af láni til Ölfusárbrúarinnar	—	241 31
4. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1905—1906, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða	—	840 00
5. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1905—1906, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 23.—24. júní 1904	—	3500 00
6. Styrkur til »Skógræktarfelags Reykjavíkur«	—	150 00
	flyt. kr.	5766 60